

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas hf. Amomatic Færanleg malbikunarstöð



| | | | |
|----------------------------|----------------------------|--------------------------------|-----------------------|
| Dags eftirlits | 6.9.2019 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir |
| Fyrirtæki | Hlaðbær-Colas hf. Amomatic | Eftirlitsmaður | Frigg Thorlacius |
| Heimili | Gullhella 1 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 4201871499 | Flokkur | Malbik |
| Fulltrúi fyrirtækis | Harpa Þrastardóttir | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | Steingrímur Bragason | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ein ábending var gerð er varðar uppfærslu á viðbragðsáætlunum. Fráviki vegna skráninga á viðhaldi og eftirliti með rykhreinsibúnaði er lokið. Áfram er opið frávik vegna mælinga í útblæstri en unnið er eftir úrbótaáætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með færanlegri malbikunarstöð Hlaðbæ Colas Amomatic. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Vöktun, innra eftirlit og skráningar
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa
4. Tryggingar
5. Eftirlitsskýrsla 2018
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Skoðunarferð um viðeigandi svæði.

Stöðin er ekki í starfsemi sem stendur og er í geymslu á lóðinni við Silfurhelli 3 í Hafnarfirði. Áætlað er að næsta staðsetning hennar verði í Dýrafirði vegna gangnagerðar og verður hún flutt þangað á vordögum 2020.

Útistandandi eru frávik vegna mælinga í útblæstri og skráninga á viðhaldi og eftirliti með rykhreinsibúnaði. Rekstraraðili hefur lagt fram úrbótaáætlun vegna þessa. Staðfestar eru úrbætur vegna skráninga á viðhaldi rykhreinsibúnaðar og verið er að vinna að úrbótum vegna mælinga í útblæstri, en verið er að prófa nýjan mælíbúnað fyrir útblástur í malbikunarstöð fyrirtækisins að Gullhelli 1. Ef góð reynsla fæst af þeim mælíbúnaði verður slíkur búnaði komið fyrir í Amomatic. Niðurstaða er að vænta um áramót 2019 -2020. Frávikið helst opið og verður skoðað aftur í næsta eftirliti.

Rekstraraðili kynnti viðbragðsáætlanir fyrirtækisins m.a. vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda sem og aðrar viðbragðsáætlanir sem til eru hjá fyrirtækinu. Lagðar voru fram nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp og er rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlanir sínar með hliðsjón af leiðbeiningunum ef þörf er á. Helsta breytingin er að tilkynningar til Umhverfisstofnunar um mengunaróhöpp skulu berast á ust@ust.is.

Rekstraraðili lagði fram tryggingaskírteini fyrirtækisins í eftirlitinu og eru tryggingar í samræmi við kröfur starfsleyfisins.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Með breytingu á lögum nr. 7/1998 hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá mati á umhverfisáhættu starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati sem unnið verður samhliða eftirlitum ársins, í lok árs mun áhættumatið rýnt og nýtt sem grunnur að eftirlitsáætlun 2020.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.10.2019

Sigríður Magnúsdóttir